

Skipulagsstofnun
Matthildur B. Stefánsdóttir
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 08. janúar 2019
2019010025/42-0
TB
tb

Landfylling og höfn fyrir efnisvinnslusvæði Björgunar á Álfsnesi, matsáætlun

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 18. desember 2018, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna fyrirhugaðrar landfyllingar og hafnar fyrir efnisvinnslusvæði Björgunar á Álfsnesi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur að þar sé að finna umfjöllun um þá þætti í náttúruferli sem þarf að gera grein fyrir í frummatsskýrslu. Á bls. 22-23 er að finna gott yfirlit yfir helstu rannsóknir á svæðinu nýjar sem eldri. Sumar rannsóknir sem vísað er til eru þó komnar nokkuð til ára sinna og er m.a. gert ráð fyrir nýjum rannsóknum vegna botndýralífs og vísað í nýjar rannsóknir á búsvæðum og farleiðum laxa, sjá bls. 17. Rétt er að benda á að búið er að uppfæra valista bæði fyrir æðplöntur og fugla og búið er að gefa út fyrsta valista fyrir spendýr á Íslandi, sjá <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar>, en vísað er í eldri valista í matsáætluninni m.a. á bls. 18. Einnig er rétt að benda á að búið að gefa út fjölrit nr. 56 um Selalátur við strendur Íslands, sjá hér http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf og hér <http://selalatur.ni.is/>. Ennfremur vill Náttúrufræðistofnun benda á verndartillögur stofnunarinnar á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, B-hluta, sem eiga við á þessu svæði, sjá hér <https://ni.is/midlun/natturuminjaskra>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðin starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Hér er engu að síður um að ræða faglegt álit Náttúrufræðistofnunar um mikilvægi þeirra svæða sem valin eru.

Í matsáætlunina virðist vanta alla umfjöllun um vöktun og hvort þörf sé fyrir hana þegar horft er til framtíðar. Á þetta bæði við um þau áhrif sem kunna að koma í ljós í frummatsskýrslu vegna staðsetningar hafnar og efnisvinnslusvæðis en einnig hugsanlegra áhrifa vegna starfseminnar almennt til lengri tíma.

Þó menningarminjar séu utan hlutverks Náttúrufræðistofnunar þá eru oft nán tengsl milli þeirra og náttúruferla viðkomandi svæðis. Við vernd menningarminja þarf því að huga sérstaklega að því að slíta þær ekki úr tengslum við það náttúruferli sem kann að vera ástæða fyrir tilvist þeirra.



Mikilvægt er að gerð sé góð grein fyrir valkostum og rökstyðja þarf vel ástæður þess að aðrir kostir, en sá sem hér um ræðir, eru valdir frá, sjá m.a. umfjöllun í kafla 3.6 í matsáætlun. Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina en frummatsskýrsla mun leiða í ljós hvort nægjanlega verði gerð grein fyrir einstökum þáttum í náttúrufari svæðisins og hugsanlegum áhrifum á þá.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

